

hreppi hinum forna, er ber að endurgjalda Leiðvallarhreppi þann 62 kr. 78 a. **14**
styrk, er Sigurbergi var veittur 1897 og 1899. 28. febr.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar
og frekari birtingar:

Staðfestings konungs á skipulagsskrá fyrir legat geheimekonferens- **15**
ráðs C. Liebes, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðgjafanum fyrir
Ísland 10. desbr. 1901.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir

legat geheimekonferensráðs C. Liebes.

1. gr.

Sjóður þessi, sem fólgin er í höfuðstól, er nemur 10,000 kr. í Østifternes Kreditforenings Obligationer 7. Serie, ásamt 4% ársvöxtum af þeim frá 1. janúar 1901, er með ofangreindu nafni getinn af ekkju og börnum geheimekonferensráðs C. Liebes á 80. atmælisdegi hans 30. nóvember 1900, samkvæmt ósk, er hann áður fyrri hafði látið í ljósi, um að nokkrum hluta af eptirlátnum eigum hans skyldi verða verið til almennra hagsmuna, í því skyni, að vöxtunum verði varið til að styrkja eitthvað það, er miðar að framförum Íslands, einkum í efnalegu tilliti.

2. gr.

Sjóðurinn stendur undir stjórn landshöfðingjans yfir Íslandi.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins, að meðtöldum vöxtum fyrir tímann frá 1. janúar til 30. júní 1901, má eigi skerða og skal hann jafnan vera á vöxtum með sömu tryggingu, sem ákveðin er fyrir ómyndugra fje.

4. gr.

Vextina af höfuðstól sjóðsins borgar landshöfðinginn árlega til stjórnar Búnaðarfelags Íslands og skal hún verja þeim til að styrkja landbúnaðarnemendur til að leita sjer frekari kunnáttu í atvinnugrein sinni í Danmörku eða öðrum löndum. Hún getur þó ráðið því, hvort vöxtunum er öllum varið þannig hvert ár, eða meir eða minna af þeim er geymt, til þess að síðar geti orðið varið í einu meiri styrk en vextirnir nema fyrir eitt ár.

5. gr.

Stjórn Búnaðarfelagsins gefur landshöfðingja árlega skýrslu um hvernig hún hafi varið vöxtum sjóðsins.

6. gr.

Reikning sjóðsins og skýrslu um styrkveiting skal birta á ári hverju í B-deild Stjórnartíðindanna.

Reykjavík 5. nóvember 1901.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.